

Ákvörðun nr. 20/2022  
Föstudagur, 16. september 2022

## Samruni Innness ehf. og Örku Heilsuvara ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Innness ehf. (hér eftir „Innnes“) og Örku heilsuvara ehf. (hér eftir Arka). Í viðskiptunum felst að Innnes kaupi allt hlutfé í Örku. Bæði fyrirtækin starfa við innflutning, heildsölu og dreifingu matvæla.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 8. ágúst 2022. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar því að líða 9. ágúst 2022. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði, auk þess sem eftirlitið aflaði upplýsinga frá hagsmunaaðilum.
3. Samrunaaðilar og starfsemi þeirra er eftirfarandi:
  - a) Innnes er matvöruheildsöluverslun og felst starfsemi félagsins í vali á vörum, innflutningi, markaðssetningu og dreifingu á matvöru fyrir stórmarkaði, þægindaverslanir, hótél, veitingastaði, bakarí og mötuneyti. Þar að auki býður Innnes fyrirtækjum upp á kaffi- og vatnsvélaþjónustu.
  - b) Starfsemi Örku felst í innflutningi, markaðssetningu og dreifingu á heilsu- og lífsstílvörum, einkum matarkyns, fyrir stórmarkaði, minni verslanir, skóla, veitingastaði, bakarí og mötuneyti. Arka sérhæfir sig í lífrænum og heilsusamlegum matvörum.
4. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að fullnægjandi sé að líta svo á að samrunaaðilar starfi sameiginlega á heildarmarkaði fyrir innflutning, heildsölu og dreifingu á mat- og drykkjarvörum í víðum skilningi. Samrunaaðilar telja sameiginlega markaðshlutdeild félaganna vera lægri en 10%. Samrunaaðilar telja hins vegar ljóst að sá markaður sé afar fjölbreyttur og að unnt geti verið að skilgreina marga vöruflokka sem sérstakan markað. Í því skyni gera samrunaaðilar nánari grein fyrir mögulegum sameiginlegum undirmörkuðum málsins. Þannig segir í samrunaskrá að þeir vöruflokkar sem vöruframboð samrunaaðila skarist í séu ávaxtasafar, súkkulaðiþlötur, „vegan mjólk“, morgunkorn, orkuskvísur, matarsósur og saltvörur.
5. Samkvæmt samrunaskrá er tilgangur Innness með kaupum á Örku einkum að auka við þjónustu fyrirtækisins að því er varðar heilsuvörur, sem Arka hefur sérhæft sig í innflutningi á. Samrunaaðilar telja að hvorugur þeirra sé í markaðsráðandi stöðu á mörkuðum þar sem áhrif samrunans kunna að gæta. Þá telja þeir að breyting verði ekki á samkeppnismörkuðum í kjölfar samrunans í ljósi þess að Innnes hefur lítið sem ekkert starfað á mörkuðum fyrir heilsuvörur, og þjóði í takmörkuðum mæli upp á sambærilegar vörur og Arka.



Að mati Samkeppniseftirlitsins gefa þær upplýsingar sem veittar eru í samrunaskrá, ásamt könnun á mögulegri skörun í vöruframboði, ekki til kynna verulega samþjöppun eða vísbendingar um skaðleg áhrif samrunans á samkeppni að öðru leyti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.

### **Ákvörðunarorð**

**„Kaup Innness ehf. á Örku Heilsuvörum ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“**

**Samkeppniseftirlitið**

**Páll Gunnar Pálsson**